


Þæfð budda

Höfundur: Helga Friðbjörnsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í þæfingu fyrir 6.–8. bekk



Aðferð:

Þæfing utan um kúlu

Áhöld:

- ✓ Kúla úr frauðplasti eða bolti ca. 40 cm að ummáli
- ✓ Bóluplast
- ✓ Handklæði
- ✓ Þæfingarnál
- ✓ Vaskafat
- ✓ Heitt vatn og sápa
- ✓ Gamlar nælonsokkabuxur
- ✓ Plastpoki þunnur

Efni:

- ✓ 25–30 gr af ullarkembu
- ✓ Skrautgarn
- ✓ Perlugarn
- ✓ Rennilás 25 cm
- ✓ Nál og tvinni



Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Blandið saman heitu vatni og sápu.
- 2 Takið ullarkembuna og vefjið henni í þunnum lögum utan um kúluna. Vefjið til skiptis langsum og svo þvert á fyrri vafninga.
- 3 Klippið búp af annari skálminni á sokkabuxunum, þar sem hún er víðust, lengdin þarf að ná vel utan um kúluna.
- 4 Hnýtið fyrir skálmina öðrum megin og setjið kúluna inn í skálmina, hnýtið svo fyrir hinum megin, þannig að sokkurinn sé þétt utan um kúluna.
- 5 Dýfið kúlunni í sápuvatnið, gegnvætið í ullinni og nuddið kúluna varlega til að byrja með. Þegar ullin er farin að þæfast má nudda fastar, dýfið í sápuvatnið af og til.




*Þæfið varlega til að byrja með.
Nuddið í hringi með fingrunum.*



- 6 Þegar ullin fellur vel að kúlunni er sokkurinn tekin utan af og buddan látin þorna.
- 7 Þæfið nú litla kúlu sem fest verður við rennilásinn.
- 8 Klippið síðan ca. 20 cm langa rauf og takið kúluna úr.
- 9 Skreytið budduna með skrautþræði eða öðrum lit af ull. Gott að nota nál við að prikka skrautið fast.




- 10 Bleytið budduna. Leggið þunnt plast yfir skreytinguna og nuddið varlega þannig að skreytingin festist vel.
- 11 Þæfið budduna endanlega með því að rúlla hana inn í bóluplast og handklæði.



- 12 Skolið sápuva vel úr þegar búið er að þæfa. Mótið botn á budduna þannig að hún geti staðið.
- 13 Gott er að enda á að nudda innan í og yfir budduna með plastpoka.
- 14 Þegar buddan er orðin þurr er rennilásinn settur í. Hann er nældur inn fyrir brúnirnar báðum megin og saumaður fastur með aftursting.
- 15 Festið litlu þæfðu kúluna við rennilásinn með perlugarni sem búið er að flétta eða hnyta.

Afturstingur



*Munið eftir
litlu kúlunni
á rennilásnum.*

